

Vinnuálagasambandið

Grensásvegi 16 · Pósthólf 8096 · 128 Reykjavík · Sími 568 6855 · Símbref 568 1284

Nefndadeild Alþingis  
-efnahags- og viðskiptanefnd-  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1376*

*komudagur 12/4 1996*

Reykjavík, 11. apríl 1996.

### **Varðar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins:**

Vinnuálagasambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 372. mál.

Hér er um mjög mikilvægt og þarft frumvarp að ræða sem tekur á þeim mismun sem myndast hefur milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði.

Það er skoðun Vinnuálagasambandsins að kjör starfsmanna eigi að vera þau sömu hvort sem starfað er á hinum almenna vinnumarkaði eða hjá ríkinu.

Rétt er að vísa til ályktunar stjórnar Vinnuálagasambandsins frá 22. febrúar 1996, en nokkuð hefur verið í hana vísað í umræðum á Alþingi.

### **"Forréttindi opinberra starfsmanna**

Stjórn Vinnuálagasambandsins fagnar framkomnum drögum að breytingum á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það er löngu tímabært að afnema sérréttindi opinberra starfsmanna, þau sem þeir hafa umfram aðra landsmenn, til dæmis um æviráðningu, biðlaunarétt, fyrirframgreiðslu launa, orlofsrétt og fleira. Slík sérréttindi eru algjör tímaskekkja í nútímasamfélagi. Stjórnin væntir þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi fast á að ná þessum breytingum fram.

### **Hallalaus fjárlög**

Samkvæmt stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eiga fjárlög næsta árs að vera hallalaus. Mikilvægt er að staðið verði við þetta fyrirheit og í framhaldi af því

verði farið að vinna að lækkun ríkisskuldna. Til þess að þetta náist þarf að lækka kostnað á mörgum sviðum. Það getur ekki gengið að jafnframt því að ráðuneyti og stofnanir ríkisins standi í stríði við að skera niður kostnað, semji ríkisvaldið jafnharðan um meiri launahækkunir til handa opinberum starfsmönnum en gert er á almenna vimumarkaðinum og geri árangurinn að engu.

Hækkun launa opinberra starfsmanna umfram aðra, og umfram bætta árangur í starfi, bitnar á öðrum landsmönnum í meiri skattheimtu og er því öllum viðkomandi. Náist ekki hallalaus fjárlög með ásættanlegum niðurskurði og hagræðingu fer ekki hjá því að skattbyrðin aukist.

## Öfugþróun


Ríkisvaldið virðist í vaxandi mæli farið að líta á hópuppsagnir starfsmanna eins og um verkföll væri að ræða. Oft virðist ekki tekið á samningamálunum fyrr en heilu hóparnir hafa sagt upp störfum. Þá er farið að semja við þá sem hafa sagt upp störfum. Þessa þróun verður að stöðva og er hér gerð krafa um það. Þegar starfsmaður hefur sagt upp starfi sínu er hann að hætta starfi og er ekki samningsaðili um neitt, nema því aðeins að vinnuveitandinn kjósi að líta uppsögn á starfi sömu augum og verkfallsboðun. Venjulegur vinnuveitandi hlýtur eðli málsins samkvæmt að gera strax ráðstafanir til þess að ráða annan mann í starfið þegar starfsmaður segir því upp."

Það er skoðun Vinnuálagasambandsins að frumvarpið stuðli að jöfnuði milli launþega.

Það er því von Vinnuálagasambandsins að Alþingi veiti þessu frumvarpi brautargengi og leggjum til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

F.h. Vinnuálagasambandsins

  
Jóngeir H. Hlinason